

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Dalabyggð í landi Reykjadals.*
Breytingin felst annars vegar í því að lóðirnar Tjarnardalur 5 og 7 eru stækkaðar á kostnað lóðanna Hlíðardals 8 og 10 og verða um 0,4 ha. Hins vegar er gert ráð fyrir að sameina lóðir þannig að þær verði tvær í stað fjögurra. Nýtingarhlutfall lóða verður 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. apríl 2008.
2. *Deiliskipulag nýbýlisins Lindarsels úr Efra-Langholti.*
Í deiliskipulaginu felst að á 44 ha spildu er gert ráð fyrir tveimur íbúðarhúsalóðum, þremur frístundalóðum og hesthúsi/geymslu. Stærð íbúðarhúsa er á bilinu 230 – 280 m² og frístundahúsa 150 – 210 m². Hámarksstærð hesthúss/geymslu er 300 m². Heimilt er að reisa 30 m² aukahús á íbúðar- og frístundahúsalóðum. Hámarkshæð húsa er 7 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. apríl 2008.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 14. ágúst 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 29. ágúst 2008